



Fundargerð

182. fundur fræðslunefndar haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, mánudaginn 5. júní 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Einar Kristján Jónsson, Ingimar Helgason, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Guðmundur Ingi Arnarson, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Dóra Esther Einarsdóttir, Karitas Heiðbrá Harðardóttir, Bergur Sigfússon og Auður Eypórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir , .

Almenn mál

1. 2306002 - Skóladagatal leikskóla 2023-2024

Dóra Esther Einarsdóttir, leikskólastjóri, lagði fram skóladagatal fyrir leikskólann, skólaveturinn 2023 til 2024.

Lögð fram breyting á skóladagatali leikskóla. Skipulagsdagur sem áætlaður var þann 20. október 2023 verði færður til 27. október 2023. Samþykkt samhljóða.

Fræðslunefnd vísar afgreiðslu á skóladagatali til sveitarstjórnar.

2. 2306001 - Skóladagatal grunnskóla 2023-2024

Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri, lagði fram skóladagatal fyrir Kirkjubæjarskóla á Síðu, skólaveturinn 2023 til 2024.

Lögð fram breyting á skóladagatali grunnskóla. Starfsdagur sem áætlaður var þann 5. mars 2024 verði færður til 1. mars 2024. Breyting samþykkt samhljóða.

Fræðslunefnd vísar afgreiðslu á skóladagatali til sveitarstjórnar.

3. 2306003 - Kennslustundafjöldi og kennslutilhögun grunnskóla.

Katrín Gunnarsdóttir, lagði fram kennslustundafjölda og kennslutilhögun skólaárið 2023 til 2024.

Kennt verður í fjórum námshópum. 299 kennslustundir, áætlaður nemendafjöldi 45.

4. 2306004 - Starfsmannamál í grunn- og leikskólum

Skólastjóri lagði fram minnisblað með ósk um 15,3 stöðugildi, einn menntaður kennari hefur sótt um auglýsta stöðu. Vangaveltur kennara við Kirkjubæjarskóla júní 2023 - Bakvörður. Rætt um bakvörð og hvað það er gallað kerfi og virkar ekki vel.

Starfsmenn þurfa gagnsætt kerfi þar sem þeir geta séð hvað þeir vinna mikið. Hvað með að taka upp Vinnustund? - Hlunnindi starfsmanna skólans og leikskólans en ekki kennara í KBS. - Starfsmenn skólans fá ekki ókeypis í sund og líkamsrækt. - Lenging á sumarfrí almennra starfsmanna skólans, kennarar þurfa að taka endurmenntun á sumrin, 102 klst utan starfstíma skóla, sem jafngildir tæplega 13,8 klst vinnudögum. - Engin almennileg vinnustytting, leikskólastarfsmenn vinna 7 tíma á dag = 5 tíma stytting á viku. Ekkert skilað sér í skóla, þrátt fyrir að það eigi að vera komið. - Mögulega er leikskólinn ákjósanlegri vinnustaður fyrir menntaða starfsmenn en skólinn. Menntaðir

Lið E.H. R.H.S. A.J. E.H.



starfsmenn hafa sumir íhugað möguleika á starfi í leikskóla fremur en grunnskóla vegna þessa. Leikskólastjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum, eins og staðan er núna verða þrír starfsmenn í 100% stöðu í haust, einn í 80%, einn í 77% og einn í 36% stöðu. Það stendur til að auglýsa á næstu dögum.

5. 2306005 - Skólastarf í grunn- og leikskólum.

Leikskólastjóri gerði grein fyrir skólastarfinu, það hefur verið með hefðbundnum hætti. Foreldrafélagið gaf leikskólanum grill sem vakti mikla lukku bæði hjá foreldrum og starfsfólki leikskólans. Skólastjórinn fór yfir starf grunnskólans sem hefur verið með hefðbundnum hætti. Einnig gerði skólastjóri grein fyrir netnámskeiði frá Barna- og fjölskyldustofu um grunnatriði kynferðisofbeldis fyrir forvarnarteymi ofbeldis. Öllu starfsfólki skólans er skylt að taka þetta námskeið á hverju skólaári.

6. 2306006 - Staðsetning á körfuboltavelli

Formaður fræðslunefndar fór yfir staðsetningu á körfuboltavelli. Um er að ræða 6 körfuboltavöll í fullri stærð.

Staðsetning samþykkt með fjórum atkvæðum en einn situr hjá.

7. 2306044 – Önnur mál.

Skólastjóri lagði fram minnisblað vegna viðhaldspörf á grunnskólanum.

Fundi slitið kl. 14.38 .

Einar Kristján Jónsson

Ingimar Helgason

Ragnheiður Hlín Símonardóttir

Guðmundur Ingi Arnarsson

Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir